


JÚNÍ 1974 40

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur.

Aukin þekking á eðli sjálfra vor, gerir það mögulegt, að láta
liffræðina ná til stjarnanna.

Helgi Pjeturss.



NORÐURLJÓS

Útgefandi: Félag Nýalssinna
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:
Ingvar Ágnarsson.

Forsíðumynd — Norðurljós.

Fátt er fegurra og stórfenglegra á að horfa, en bragandi norðurljós á heiðskíru kvöldi.

Norðurljós eru einkum á norður- og suðurhveli jarðar. Þau standa í nánu sambandi við óróleika á yfirborði sólarinnar. Pregar mikið er um sólbletti, færast norðurljós mjög í aukana.

Listamenn hafa löngum málað myndir af norðurljósum og skáldin hafa ort um þau innblásin kvæði. Við birtum hér kvæði eftir tvö af ástsælustu skáldum þjóðar okkar, þar sem þau yrkja um norðurljós og um fegurð og mikilleika himinsins. Er og athyglisvert, að annað skálđið setur lífið í samband við stjörnurnar.

(I.A.)

VETRARNÓTT

Heiðstirnd bláa hvelfing nætur,
hreinu lýst af móanaskini,
Norðurljósa logum glæst.
Heill sé þér, sem helgast lætur
himinfúsa ljóssins vini
til að lyfta hug sem hæst.

Hugun, sem i hæðir snúa,
hefja von til sólarlanda,
þeim, sem eilifð birtu ber,
skal þitt stjörnubelti brúa
breiðast djúp á milli stranda
lifsins þar og lifsins hér.

Steingrímur Thorsteinsson.

NORÐURLJÓS

Norður- loga -ljósin há,
lofts- um -boga dregin,
himins vogum iða á,
af vindflogum slegin.

Sigurður Breiðfjörð.

Erindi

Stjörnur og lífsambönd

I.

Ein stórkostlega uppgötvun síðari tíma er staða jarðar okkar í sólhverfinu, staða sólhverfis okkar í vetrarbrautinni og staða vetrarbrautar okkar í alheiminum, í öllum hinum mikla, óendanlega geimi sólna og vetrarbrauta.

Svo óskapleg er þessi stækkun heimsmyndarinnar, að hugur okkar á í rauninni ekki rúm fyrir hana. Því hvernig á hugur okkar að skilja eða rúma óendanlegan geim. Þó er þessi óendanleiki hið eina hugsanlega.

Við Nýalssinnar byggjum lífsviðhorf okkar á uppgötvun dr. Helga Péturs, á sambandi lífsins i alheimi. En til þess að geta gert sér ljóst þetta alsamband lífsins, er nauðsynlegt að kynnast að nokkru því sem áunnizt hefur í stjörnufræði á síðari tínum.

Áður fyrr, á vissu tímaskeiði, héldu menn, að jörðin væri miðdepill alheimsins. Nú vita menn, að svo er ekki. Sólin er miðdepillinn í sólhverfi okkar. Hún er langstaersti hnötturinn, rúmlega milljón sinnum efnismeiri en jörðin, enda heldur aðráttarkraftur hennar öllum reikistjörnunum, hverri á sinni braut. Reikistjörnurnar eru 9 alls og um þær ganga 31 tungl. Stærsta reikistjarnan er Júpiter sem hefur með sér 12 tungl. Auk þess eru í sólhverfinu þúsundir smástirna á milli Marz og Júpitors, og hundruð halastjarna. Allar reikistjörnurnar eru í einum fleti umhverfis sólina, og mætti þannig líkja lögun sólhverfisins við pönnuköku.

Allar reikistjörnurnar eru dimmir hnettir og við sjáum þær aðeins vegna þess, að þær endurvarpa ljósi sólarinnar. Talið er alveg fullvist að engar mannlegar verur eða aðrar vitverur séu á öðrum reikistjörnum sólhverfis okkar en jörðinni. Kemur

þar til greina óhentug fjarlægð þeirra frá sól og aðrar aðstæður. Allar aðrar stjörnur, sem við sjáum á næturhimni eru sólir, undantekningarlaust, sambærilegar við okkar sól um flest, en margar miklu stærri. Litur þeirra er einnig nokkuð breytilegur, eru sumar gulleitar, eins og okkar sól, aðrar hvítar, rauðleitar, bláleitar. Fer liturinn mest eftir hitastigi hverrar sólstjörnu.

Geislar hverrar sólar gefa til kynna úr hvaða efnim þær eru samsettir. Með sérstökum tækjum, litsjánni, geta menn fundið allnákvæmlega efnahlutföll hverrar einstakrar sólstjörnu. Það merkilega kemur fram, við þessar litsjárkannanir, að allar stjörnur eru myndaðar úr sömu efnim, og er vetrni þar aðaluppsistaðan, eins og í okkar sól.

Allar sólir, sem við sjáum berum augum eða með sjónaukum, eru aðeins lítill hluti geisilegrar stjörnuhvifingar, sem kölluð er vetrarbraut. Talið er að í allri vetrarbrautinni muni vera um 100 þúsund milljónir sólna, og að heildarþvermál hennar muni vera um 100 þúsund ljósár. En ljósár er sú vegalengd, sem ljósið fer á einu ári. Ljósið er mjög hraðfara, og fer t.d. frá sól til jarðar á 8 mínútum, og er þó sú vegalengd um 150 milljón kílómetrar. Allar stjörnur ganga um miðju vetrarbrautar, en mishratt eftir fjarlægð þeirra frá miðju hennar.

Sólhverfi okkar fer með um 250 kílómetra hraða á sekúndu, og er um 200 milljón ár að fara eina umferð um miðju vetrarbrautarinnar. Hversu stórkostlegt hnattsafn er ekki vetrarbraut okkar, og hversu miklu stórkostlegri og merkilegri er hún ekki, ef við hugleiðum, að flestum þessum sólum munu fylgja reikistjörnur í líkingu við stjörnur sólhverfis okkar, og að í mörgum ef ekki flestum þessara sólhverfa munu vera reikistjörnur byggðar mannlegum verum, vitverum, í líkingu við mannkyn okkar jarðar, þótt útlit sumra þessara mannkynja kunni að sumu leiti að vera nokkuð frábrugðið útliti mannkyns jarðarinnar.

Fjarlægðir milli stjarna eru miklar í vetrarbrautinni. Næstu nágrannasólin okkar eru í 4ra ljósára fjarlægð. Bjartasta stjarna himinsins héðan að sjá, Sírius, er í um 9 ljósára fjarlægð. En flestar eru miklu fjær, í hundrað og þúsunda ljósára fjarlægð.

Þótt nú vetrarbraut okkar sé svo geisilega stór, sem raun er á, er hún þó eins og lítil eyja í hinu mikla geimrúmi, þar sem aðrar slikein vetrarbrautir sveima milljónum saman. Tekist

hefur að ljósmynda vetrarbrautir í allt að 10 þúsund milljóna ljósára fjarlægð. Þetta er hinn sýnilegi heimur, sá heimur, sem mönnum hefur þegar tekist að sjá og kanna að nokkru. Vetrarbrautir skifta sér niður í hvirfingar og snúast þar aftur hver um aðra.

Allt efni er á ferð og flugi í alheiminum, ekkert stendur kyrrt. Aðdráttarsamband ríkir milli alls efnis í öllum alheimi, og af því stafar öll þessi hreyfing alls efnis, allra jarða, allra sólna, allra vetrarbrauta. Aðdráttaraflíð er alheimssamband alls efnis sem öll hreyfing byggist á. Orkusambönd eru margvisleg en mest áberandi eru aðdráttarsamböndin og geislunar-samböndin.

II.

Dr. Helgi Pjeturss uppgötvaði lífgeislana, lífgeislun milli einstaklinga, samband lífsins í alheimi, og þar með lifssamband okkar jarðarbúa við mannlegar verur á öðrum hnöttum í öðrum sólhverfum. Hann fann að svefninn er aðsendur kraftur, sem styrkir og endurnýjar lífsafl hvers einstaklings. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að draumar stafa af sambandi dreymandans við vakandi mann, þannig að draumur eins er vökulíf annars.

Pessi óvænta og merkilega uppgötvun, varð ekki til fyrir-hafnarlaust. Árum saman velti hann þessum viðfangsefnum fyrir sér, og birti ekki niðurstöður fyrr en full vissa var fengin fyrir öryggi þeirra.

Eitt hið óvæntasta í þessari sambandsuppgötvun dr. Helga var það, að draumgjafinn (sem hann nefndi svo, sá sem draumurinn stafar frá) er oftast íbúi annars hnattar. Uppgötvun dr. Helga á draumgjafanum er ein merkilegasta uppgötvun, sem gerð hefur verið, en er jafnframt svo vel skiljanleg, og svo einföld, að hver og einn getur sannreynnt hana á sínum eigin draumum, því alla dreymir. Ef mig dreymir til dæmis að ég horfi í spegil, þá er það aldrei mitt eigið andlit, sem ég sé, það er ávallt frábrugðið á einhvern hátt. Draumgjafi minn hefur þar verið að horfa á sitt eigið andlit. Mig hefur stundum dreymt, að ég væri að virða fyrir mér stjörnum krýndan him-in, og stundum hef ég munað greinilega, að stjörnumerki og

önnur kennileiti þessa himins, voru mjög ólík þeim stjörnumerkjum, sem hægt er að sjá héðan af jörðu.

Í slikum draumum getum við verið vissir um, að draumgjafi okkar hefur verið að skoða þann stjörnuhiminn, sem umlykur hans jörð. Ótalmargt annað sjáum við í draumi, sem frábrugðið er því, sem gerist hér á jörð, svo sem dýr og jurtir, skip, flugvélar og í draumi getum við stundum svifið í lofti, en það getur enginn maður hér á jörð. Ýmislegt bendir því til þess að draumgjafinn sé íbúi annars hnattar, og að við sjáum í draumi það sem hann sér.

Annar hliðstæður hæfileiki, sem margir hafa, er skyggni vakandi manns, en hún er í ýmsum tilvikum fjarskyggni, það er, hinn skyggni maður sér með augum annars, sem staddur er í fjarlægð. Stundum hefur slík fjarskyggni sannast með ákveðnum dæmum.

Skyldur venjulegum svefni er miðilssvefn. Maður á öðrum hnerti talar þá fyrir fjarsamband miðils munni. Til þess að hinum fjarlæga stjörnubúa, sem oft er framlíðinn maður héðan af jörð, megi takast vel að koma því fram fyrir miðilsmunn, sem hann vill segja, þarf samband hans við miðilinn að vera sem fullkomnast.

En þar kemur og fleira til greina, því fundargestir hafa mikil áhrif á það, hvernig sambandið tekst. Þarna er um að ræða stillilögþálið sem dr. Helgi nefnir svo, en undir samstillingu fundarmanna og sameiginlegum góðvilja þeirra, er að mestu kominn árangur hvers miðilsfundar. Hið almenna lífaflosvæði borgarinnar, landsins og heimsins alls hefur og mikil áhrif, að því er miðilsfundi varðar, sem og miklu fremur að því er kemur til alls lifs á jörðunni, því hugsunarháttur og ýmsar athafnir manna eru rangsnúnari en vera ætti.

Dr. Helgi segir að stefnur verðandinnar séu tvær og nefnir þær helstefnu og lífsstefnu. Hinrar góðu, alsamstilltu og máttugu verur, sem kalla mætti guði og sem byggja sumar aðrar stjörnur og aðrar vetrarbrautir, geisla frá sér hinni miklu liforku sinni og leitast stöðugt við að bæta ástandið, á öllum þeim hnöttum, þar sem illa horfir, þar á meðal á okkar jörð, en hún er eins og í útjaðri sköpunarverksins. Hinn guðlegi máttur hefur ekki náð að koma sér hér við sem skyldi, en helstefnan hefur náð allt of miklum tökum á öllu lífi jarðarinnar.

En helstefnan, hin illu áhrif, sem hingað berast, stafa frá

illum stöðum á öðrum jarðstjörnum viða í alheimi, þar sem hin guðlegu öfl hafa jafnvel enn síður en á okkar jörð náð að koma sér við.

III.

Með uppgötvunum dr. Helga Pjeturss á hinu mikla sambandi lifsins í alheimi, er nú loks opnuð leið til að taka undir með guðnum vitandi vits, til að breyta um stefnu hér á jörð svo horfið verði frá helstefnu þeirri, sem ríkt hefur hér svo lengi, yfir til lífstefnu, þeirrar stefnu, sem leiða mun til æ meiri farsældar á okkar jörð.

Félag Nýalssinna reynir af veikum mætti að vinna að útbreiðslu á kenningum dr. Helga Pjeturss. Við viljum koma á auknum samböndum við framliðna vini, sem eru á þroska-leið á lífsstefnujörðum, og við viljum vinna að mjög bættum samböndum við guðlegar verur á öðrum hnöttum alheimsins. Við treystum því, að ef það tekst, muni allur hagur lands okkar og raunar alls heimsins batna. Við álítum, að þessi stefnubreyting megi ekki dragast lengi enn, hún þarf að takast sem allra fyrst.

Við erum jafnvel að halda, að eitthvað sé að byrja að rofa til í þessum eftum þrátt fyrir allt.

Úti í löndum eru margir farnir að hugsa til stjarnanna meira en áður, jafnvel um sambönd við íbúa annara stjarna. En enn er skilningurinn á sambandi lifsins í alheimi aðeins eign fárra.

Pennan skilning þarf að útbreiða til sem flestra, því sá skilningur mun vera undirstaða þess, að hin guðlegu öfl fari að geta komið sér hér við, svo breytt verði um til stefnu hinnar vaxandi farsældar.

Ingvar Agnarsson.

Erindi flutt á opinberum fræðslu- og miðilsfundi 26. jan. 1974.

Greinar

Einar Þveræingur

Einar Þveræingur, var bóndi á Þverá í Eyjafirði á síðasta hluta 10. aldar og fyrri hluta 11. aldar. Frægastur er Einar í þjóðarsögunni fyrir ræðu þá, sem hann hélt gegn ásælni Noregs-konungs (Ólafs helga) á alþingi árið 1024, og rituð er í Heimskringlu. Til er vísa eftir Einar, þar sem hann mælir á móti því að láta Grímsey af hendi, og styður það sannleiksgildi ræðunnar.

Einar var sonur Eyjólfs Valgerðarsonar, mikils höfðingja, eins þeirra fjögurra, sem landvættirnar eru settar í samband við í Heimskringlu. En af Einari sjálfum segir meira í Ljós-vetningasögu og Glúmu og víðar, og ber öllum sögnum saman um afburða skarpskyggni hans, samfara festu og þreki. Hann kom Víga Glúmi burt af Þverá, eftir að hann hafði setið þar í fjörutíu ár, og hefur það varla verið neitt meðalmannsverk. En mannaforráð hafa ekki safnast til hans að neinu ráði, því að þar varð Guðmundur bróðir hans drýgri, þótt óvitrami væri og minni landvarnararmaður, og er dæmi Guðmundar hið fyrsta um þá þróun sem síðar varð svo skaðleg, að höfðingjar fóru að ásælast völd utan þess heraðs sem þeir sátu í.

Langmerkilegast af því sem af Einari segir, annað en land-varnarbaráttá hans, er stjörnuskoðun hans og náttúrufræði-athuganir. Ljós-vetningasaga segir svo frá, að „Gekk hann út opt um nætr at sjá himintungl ok hugði at vandliga“. Á því er enginn vafi, að Einar hefur verið stjörnuskoðari, og er hann þar arftaki Þorsteins surts, en fyrirrennari Stjörnu-Odda. Í Glúmu er frásögn, sem einnig bendir til skarprar náttúrufræði-athugunar. Segir þar að Einar séð það af „ekki allbláum“, þ.e. ljósum reyk upp af bæ einum, að fjölmennt mundi vera inni fyrir, eins og líka reyndist. Á þetta hefur Þorsteinn Jónsson bent mér. Taldi hann að kolsýran eða súrefnisleysið hefði haft

áhrif á lit reyksins, og að á þessu hefði athugun Einars byggzt -- án þess þó að um efnafraeðilegan skilning á þessu hefði getað verið að ræða.

Þorsteinn Guðjónsson

Skáld-Rósa

Skáld-Rósa (Rósa Guðmundsdóttir, Vatnsenda-Rósa), er ein sú skáldkona sem hugstæðust hefur orðið mönnum á landi hér. Rósa var fædd 1795, dóin 1855, frá Fornhaga í Eyjafirði. Var á Möðruvöllum í Hörgárdal og Ketilsstöðum í Suður-Múlasýslu 1814—1817, en giftist síðan Ólafi Ásmundssyni. Fluttust þau í Húnnavatnssýslu vorið 1818 og bjuggu þar á ýmsum bæjum um skeið, en slitu síðan samvistir. Börn hennar eru talin fimm, þrjú með Ólafi, en tvö með Natani Ketilssyni. Síðar giftist hún Gísla Gíslasyni og bjuggu þau undir Jökli og viðar.

Brynjólfur á Minnanúpi hefur ritað sögu Natans Ketilssonar og Skáld-Rósu, og segir þar að Rósa hafi óttapt um sálarheill sína vegna „synda“ sinna. En eftir að hún var látin dreymdi Þórönnu Rósu dóttur hennar draum þann, sem þótti benda til þess að vel hefði farið fyrir henni, og er ekki að efa að alþýðu manna hefur fallið betur í geð að trúá því heldur.

Þorsteinn Guðjónsson

Hefndin nái ekki fram að ganga

„Handmáluð ljósmynd af draumi“, heitir lokaritgerð í bók nokkurri eftir listfræðing einn, og minnti þetta ritgerðarheiti mig á heiti annrar ritgerðar eftir nútíma listaskáld. En það ritgerðarheiti var „að hugsa í löngum boga“. Verð ég að segja, að ég skil hvorugt þessara ritgerðaheita, og kemur mér því í hug, að þau muni að einhverju leyti vera í aett við það, sem listfræðingurinn segir frá í sinni ritgerð. En það er, hversu listsköpunin umsnérist í einhverskonar hefni og útafstefnu

upp úr hinni heimskulegu heimsstyrjöld frá 1914 til 18. Það sem fram fór að koma þá, virðist samkvæmt frásögn listfræðingsins, að miklu leyti hafa verið á þann veg að taka í sama streng og styrjöldin gerði, streng haturs og umhverfingar. Hið fegursta, sem fram hafði komið í listum aldarinnar á undan, var nú í nafni neikvæðs raunsæis reynt að svívirða og troða niður í svaðið, og bendir þetta mjög eindregið til þess, sem Helgi Pjeturss segir á einhverjum stað í Nýal, að þessi umrædda styrjöld hafi verið stærsta spor mannkynsins í vísáttina. Þrátt fyrir það, að mjög margar hryllilegar styrjaldir höfðu áður átt sér stað á öllum öldum, hafði þessi eða önnur þvílik umhverfing ekki fyrr orðið, og er vel hugsanlegt, að slíkt hafi nú einmitt stafað af því, að þá hafi verið komið að marki þeirra umskipta að hverfa af leið helstefnunnar. En eins og unnendum Nýals mætti vera ljóst, þá var þó umhverfing hugarfarsins eftir hina fyrri heimsstyrjöld fjarri því að vera algjör. Í lok hennar varð til sú ritgerð, sem óhætt má telja, að verið hafi sú merkasta ritgerð, sem nokkru sinni hafi verið samin, ritgerðin „Hið mikla samband“, og svo hinrar aðrar Nýalsritgerðir frá 1919 til 22. Þar var ekki einungis, að hefndin næði ekki fram að ganga, sú hefnd að taka í sama streng og heimskan og ranglætið hafði svo átakanlega gert, meðan styrjöldin geisaði og lengur þó, heldur var þar, eins og óþarf mun vera að taka hér fram, um stærri leiðréttingu að ræða en nokkru sinni hafði áður komið fram. Hitt hefir svo aftur á móti verið í samræmi við umhverfinguna og hefnistefnuna, að þessi leiðréttning hefir ekki verið þegin. Enn sem komið er, fer framvinda umhverfingarinnar með æ vaxandi hraða. Aldrei síður en nú virðist mér að í skáldskap og öðrum listum yfirleitt vera stefnt til aukins vits og fegurðar. „Allt grær í þögn en gnýr við hröp og eyðing“, var einhvern tíma sagt, og þessa vorlegu kyrrð, sem ég minnist frá því stundum, þegar ég var ungar, þykir mér sem varla sé nú lengur um að ræða. Og þó. Þrátt fyrir allt er ég ekki vonlaus. Þrátt fyrir hinn háværa anda hefnigirninnar þykir mér sem hið stjórnlausa jarðskip kunni að bera frá strandi og að komið verði þar við hjálp þaðan, sem betur er stefnt og hefndin hefir ekki náð fram að ganga. Þrátt fyrir allt finn ég þessa stundina ekki mikið til beygs af því, sem er að gerast.

Þorsteinn Jónsson, Úlfss töðum.

Slysafaraldur

Meðal þess sem höf. Nýals minnist oft á, sem einkenni helstefnunnar, eru slys á mönnum og önnur, sem verða þó án sjá-anlegs tilverknaðar eða tilætlunar manna. Flestir sem vilja kenna sig við Nýal munu líta svo á með höfundi hans, að þarna komi röng lifsambönd til greina sem orsakir, og þarf þetta á engan hátt að verða til að gera lítið úr gildi almennra slysvarna. Slysin verða oft vegna sljóvgaðrar athygli, en stundum megnar líka óvenjuleg árvekni að afstýra slysi sem annars hefði verið óhjákvæmilegt. En stundum verða líka tildróg slysa með svo sérstæðum hætti, að erfitt er að verjast þeirri hugsun að þar búi eitthvað annað og meira á bakvið en venjulegar tilviljanir.

Arið 1973 hófst með röð sjóslysa, sem ráku hvert annað allt fram eftir útmánuðum, og urðu mannskaðar í sumum þeirra. Jafnframt þessu voru framin voðaverk í Breiðholti og víðar. Ég gat ekki varizt þeirri hugsun, að þarna væri sameiginlegur sambandsferill að verki, og hin einstöku slys og ólánsverk væru jafnframt því að vera tengd verkum einstakra manna, afleiðing af einhverri heildarstefnu mannfélagsins, sem mönnum hefði ekki auðnast að sjá við og ráða bót á. Nú í ársbyrjun 1974 varð mér hugsað til þessa að nýju, og að fróðlegt yrði að taka eftir atburðarás hins nýja árs. Í lok janúar og byrjun febrúar urðu fyrstu sjóslysin. Tveir bátar fórust við Suðvesturland og bjargaðist áhöfnin naumlega af báðum, þannig að einstök höpp mátti telja, að björgun fókst.

Skömmu síðar sáum við á tali þrír Nýalssinnar (P.J., I.A. og undirritaður). Barst þetta þá í tal, og hafði ég orð á því, að mér virtist að dragandinn svipaður og fyrra árið, en þó mildari en þá. Ekki liðu nema tveir eða þrír dagar frá því að þetta samtal fór fram, þangað til togari fórst fyrir suðausturlandi, og löggregluþjónn varð fyrir misþyrmingum í sama bæjarhverfi og minnt var á. Styrkir þetta tilgátuna um, að hér sé sambandaferill að verki, skyldur þeim, sem varð í fyrra, þó ekki hafi hann enn orðið eins illkynjaður.

Það er sannfæring míín, að um leið og mönnum verður ljóst, að um sambönd sé að ræða, séu þeir sjálfkrafa orðnir hæfari til að stilla frá þeim samböndum, sem óæskileg mega teljast. Ég vil biðja alla þá sem þessi orð koma fyrri augu, að reyna

að gera sér grein fyrir því sem hér er vakið máls á, og komist þeir að svipaðri niðurstöðu og undirritaður, að taka sér þá litla stund til að beina hug sínum til lengra kominna lífstöðva, með ósk um að takast megi að stilla mannfélagið til bættra lífsambanda.

Þorsteinn Guðjónsson, mars 1974.

Upprifjun hugleiðinga um líf og dauða

Hvert líf, það er minning, sem minnist —

Eftir því sem ég hevur verið veit, hefir enn ekki verið komið að neinni fullgildri þekkingarniðurstöðu varðandi það, að allir lifendur þessarar jarðar, aðrir en einfrumungar, skuli óhjákvæmilega hljóta að gamlast og deyja. Menn vita það eitt, að gömlun og dauði er þeim algjört undantekningarleysi, og mun þó ýmsum hafa þótt það ihugunarvert og benda til þess, að slikt þurfi þó ekki endilega að vera, að lifendur á hinu lægsta stigi skuli þó ekki vera háðir þessari reglu. Hið furðulega er, að einfrumungar gamlast ekki og deyja ekki nema af slysum, og heyrði ég í útvarpi ekki fyrir löngu kunnan lækni bera fram skýringu á því. Var skýring hans sú, að fjölfurmungurinn eldist af því eða gamlist, að honum veitist erfitt að losna við úrgangsefni, sem við lífsstarfið myndast, en hinum einfalda einfrumungi, og þótti mér þetta ekki óviturleg tilgáta. En þar sem ég einhvern tíma fyrir nokkuð löngu þóttist komast að niðurstöðu varðandi þetta sama, þá ætla ég að rekja það hér að nokkru.

Það hefur verið sagt, að ef nógu vel væri leitað í eiginn huga, þá mætti þar finna svör við hverju einu, og hlyti þá slikt að vera falið í því að finna í huga sínum einhverjar líkingar eða tilsvaranir þess, sem um var spurt. Að skilja er ævinlega falið í því að sjá tilsvaranir og líkingar. Og upphaf þess, sem hér ræðir um, skilningsniðurstöðu mína varðandi gömlunina, var á þá leið, að ég þóttist sjá fram á greinilega líkingu, þar sem annars vegar er þróunarbygging lífsins eða líftekundanna og hins vegar þróun og bygging hugsana minna eða vitundar. Og hvað er það,

sem vitund mín er byggð af eða hugsanabrautir? Hún er byggð upp af minningum mínum eða sögu. „Ég er það, sem ég minnist“, sagði eitt sinn menntamaður nokkur íslenzkur, og var það í góðu samræmi við, að maðurinn væri ekki annað en vaninn, eins og ég hafði oft heyrt komist að orði áður. Og það var út frá því að hafa komist að hinu sama, að ég komst einnig að þeirri niðurstöðu varðandi þróun lífsins, að hún hefði orðið fyrir nokkurs konar nám- eða minningasöfnun. Mér skildist, að um ættar eða kynminni hlyti að vera að ræða, og finnst mér satt að segja, að þetta liggi svo ljóst fyrir, að öðruvísi geti ekki verið. Það er meginatriði, ein af undirstöðunum varðandi skilning á heimi og lífi að gera sér ljóst einmitt þetta, að sagan eða minningarnar eru hvarvetna byggingarefnin. Og við það nú að fara að sjá þarna fram á þann aðalmun, sem er á einfrumungum og fjölfrumungum þóttist ég fara að sjá fram á það, hver væri ellivaldur hinna síðartöldu. Ellivaldurinn fór mér að skiljast að væri sá, að i stað þess að varpa af sér byrði sögu sinnar eða minninga, sem ætla má að einfrumungarnir geri æ við það að skipta sér óaflátanlega, þegar skilyrði eru til slíks, tóku fjölfrumungarnir æ á sig nokkurn hluta hennar. Það að muna, lyfjaði þeim elli. En hvort skyldi þá ekki fjölfrumungurinn fyrir varðveislu minninga sinna til aukins þroska sér og afkomendum sínum ávinna sér eitthvað í stað þess, sem hann með því hlaut að glata?

Í hinu undurfagra ævintýri H. C. Andersens, Hafmeyjan litla, er talað um, að fyrir ást sína á hinum mennska konungssyni og fórna sinna vegna hans, hafi hún áunnið sér ódauðleik eftir aðeins skamma ævi, en hið áskapaða eðli hennar og annara hafmeyja hafi verið það hins vegar, að ná að vísu meir en mannlegum aldri, en deyja svo án þess að eiga framlíf fyrir höndum. Og hér er nú það, sem ég get hugsað mér, að hver dauðlegur einstaklingur ávinni sér með því að taka á sig byrgði reynslu sinnar. Ég get hugsað mér, að einmitt með því að taka á sig byrði, sem lyfjar honum elli og dauða, ávinni hann sér réttinn til framlifs. Ég get hugsað mér, að það sem gerðist, þegar einfrumungar þeir, sem fjölfrumungar eru komnir af, hættu að vera einfrumungar, hafi verið eitthvað likt og varð hjá hafmeyjunni litlu, þegar hún ávann sér ódauðleik sinn með því að fórna lífi sínu. Og hvað er það nú ekki, sem gerist í hvert sinn, sem nýr fjölfrumungur verður til, og verður mér

þá sérstaklega hugsað til hins mannlega fjölfurmungs. Það sem þá gerist, er að tvær frumur karls og konu sameinast á þann hátt, að þær gefa sig hvor annari til fulls, fyrirfara sér í ást, sem „aflí safnar meir en menn viti.“ Þá gerist það, sem ekki verður aftur tekið, lífsneisti kvíknar, sem ekki verður slökktur, hverra ráða sem til þess væri leitað. Nýr lifandi verður þá til, sem þegar við þetta upphaf sitt, hlýtur réttinn til þess að lifa, og væri betur, að sem flestir gerðu sér þetta ljóst.

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum.

ÓRÍMAÐAR HUGLEIÐINGAR

Á sviði vanþekkingarinnar eru allar fjarstæður hugsanlegar.

Það verður enginn stór, sem ekki trúir á neitt stórt og óvanalegt.

Það verður aldrei neitt fallega sagt nema sannleikurinn.

Guð elskar, en dæmir ekki.

Samstilling góðvildarinnar er hugsuð af guði.

Andinn sigrar með því að skilja hlutina og elска þá.

Hið stórfeldasta er jafnan hið sannasta.

Þorsteinn Jónsson.

Draumar

Draumur um fossa

I.

Mig dreymdi, að efnt hefði verið til kappblaupa. Margir drengir tóku þátt í hlaupinu. Mér þótti ég vera einhverskonar eftirlitsmaður með þessum hlaupum eða hvatamaður þeirra.

Er allir drengirnir voru lagðir af stað fyrir nokkru, fór ég af stað á eftir þeim, og hugðist ná þeim. Hljóp ég eftir veginum, og innan skamms dró ég upp þann, sem síðastur fór. Er ég hljóp fram hjá honum, mælti ég til hans hvatningarðum. Pannig hljóp ég fram hjá hverjum á faetur öðrum. Var alllangt bil á milli þeirra, og fannst mér þeir allir hlaupa fallega og rösklega og þó einkum þeir sem lengst voru komnir. Talaði ég hvatningarðum til þeirra hvers og eins, um leið og ég hjóp fram hjá þeim. Ekki þótti mér ég eiga erfitt að hlaupa svona hratt. Er ég náði þeim, sem fremstur fór, talaði ég enn til hans. Fannst mér ég nú vera orðinn ákaflega öflugur, og eiga auðvelt með að hlaupa. Ég tók nú utan um þennan dreng og lyfti honum upp og nú brá svo við, að við hófumst báðir á loft. Svifum við lágt yfir jörð, og héldum áfram í sömu átt og áður. Er við höfðum svifið yfir frekar sléttu landi um stund, komum við að miklu fljóti. Svifum við út yfir það og upp eftir því og komum brátt að miklum fossum, sem steyptust niður í fljótið. Voru þeir breiðir mjög en ekki mjög háir. Milli fossanna voru sumstaðar klettar, á fossbrúninni, þannig að þeir félru í mörgum strengjum niður af brúninni. Voru þó sumir þeirra allbreiðir. Við svifum frekar lágt yfir fljótinu meðfram fossunum. Tók ég eftir hvítum gufu-úða sem viða lagði upp, þar sem fossarnir steyptust niður í hyljina fyrir neðan. Einnig tók ég eftir mikilli ólgu í vatninu alllangt niður frá fossunum. Þótti mér þetta stórfengleg sýn, og var ég einnig eitthvað að vekja athygli drengsins, sem með

mér var, á þessu fagra náttúrufyrirbæri. Endaði svo hér draumurinn.

II.

Fyrri hluti þessa draums, var ekki mjög skýr. Ég tók þar litið eftir landslagi, nema dálitið eftir veginum, sem ég hljóp eftir, og þó ekki vel. Og ekki tók ég heldur vel eftir unglingsunum, sem voru að hlaupa. Mun þessi óskýrleiki draumsins stafa af ófullkomnu sambandi minu við draumgjafann. Það er fyrst, er ég kem að hinum stórkostlegu fossum, sem eftirtektin verður skýr. Þá varð draumsýnin í raun og veru eins skýr, eins og um vöku væri að ræða, og ég varð mjög hrifinn af því, sem fyrir augu bar.

Sérkennilegt við þennan draum minn er einnig það, að draumgjafi minn virðist magnast, því lengur sem hann hleypur eftir veginum og því fleiri unglingsa, sem hann hefur samband við. Mun þessi aukna magnan stafa af því, að þeir hafa litið upp til hans, sem leiðbeinanda, og er hann fer fram hjá hverjum þeirra um sig, og mælir til þeirra hvatningarorðum, verður það enn til að auka magnan hans, uns hann fer að geta svifið, og tekur þá með sér í svifið þann sem fremstur fór af unglungunum, og sem hefur því sennilega verið þeirra fræknastur.

Á annari jörð hlýtur þessi draumgjafi minn að eiga heima. Er skemmtilegt, að geta þannig í draumi, tekið þátt í lifi lengra kominna íbúa annara stjarna, þótt sjaldnar sé og á ófullkomnari hátt en æskilegt væri.

Pess má geta að kvöldið áður átti ég tal í síma við Svein Haraldsson, og spurði hann mig hvort mig hefði enga svif-drauma dreymt nýlega. Gæti ég best trúð, að hann hafi átt einhvern þátt í að stilla mig til þessa draumsambands.

Ingvar Agnarsson, dreymt 3. okt. 1970.

Draumur um fljúgandi disk

Mig dreymdi að ég væri stödd á eyðilegum hnerti með daufri gráleitri birtu líkt og á mörkum ljóss og myrkurs. Ég var í þann veginn að yfirgefa þennan hnött með hjálp góðs fólks sem kom í geysistóru loftfari, diskлага. Mér fannst ég vera

þakklát fyrir að fá að yfirgefa þennan dauða stað og hugur minn var fullur af virðingu og þakklæti til manna þeirra sem með mér voru. Hávaxinn maður stóð við hlið mína er við nálguðumst loftfarið og leiðbeindi hann mér. Birta var í kringum „farið“ og fannst mér það einnig vera einhverskonar þyngdarleysissvið, því ég átti að spryrna mér á loft, sem ég og gerði og sveif ég upp, og niður í „hlutinn“ ofan frá, niður um op í miðju hvolfi hans að ofan. Þar tók á móti mér maður í einskonar aðskornum samfesting sem þó virtust hin ákjós-anlegustu föt, létt og þægileg. Hann lét mig setjast í stól sem likja mætti við nýtísku bekki á tannlæknastofu. Einskonar plata eða hlif var sett yfir brjóst mitt og maga, var það skýrt út fyrir mér, að þetta væri til að hlifa innri líffærum mínum þar eð ég var að fara í fyrsta sinn í slika ferð. Í stuttu máli var farið á loft hávaðalaust og fann ég engin teljandi óþæg-indi samfara því. Mér var boðið að horfa út um hringlaga glugga og så ég hnetti í fjarlægð, man best eftir rauðleitum hnetti likt og glóandi. Ekki fannst mér ég hugsa um jörð eða neitt þvíumlikt, var aðeins ánægð yfir því tækifæri sem ég virtist vera að fá með hjálp þessa þroskaða fólks.

P.s. Þessi draumur er orðinn um fjögurra ára gamall og hef ég aldrei getað gleymt honum. Ég hef stundum getað svifið í loftinu í draumi og hefur það verið likt og leikur.

Pórdís Edvaldsdóttir, Asparfelli 8, Rvk.

Draumur um styrjöld

Draumur Edwards Michalskis, úr bréfi hans 10. febr., 1973.

Í síðastliðnum mánuði (janúar) kom nokkuð merkilegt fyrir mig. Mig dreymdi, að ég væri á Íslandi. Það var styrjöld. Ég heyrði sprengingar og ég hljóp í burt inn á milli kletta. Mér fannst **einhver** eða **eitthvað** elta mig., og ég varð að komast undan frá þessum stað. Það var nótt. Ég så í dimmunni rauð, bleik og gul leiftur. Ég fann líka til mikillar skelfingar. Mér fannst eitthvað vilja kremja mig og totríma mér. Ég átti engrar undankomu auðið. — Allt í einu vaknaði ég. Í nokkrar míntútur lá ég kyrr í rúminu. Svo kveikti ég á útvarkinu. Á því sama andartaki var þulur að tala um að eldgos væri komið upp í Vestmannaeyjum á Íslandi.

Edward Michalski. (Þýtt af I.A.)

Sambandsfundir

Yfirleitt er Helgi Pjeturss stjórnandi allra miðilssambanda, og virðist það gilda jafnt, hvort sem þeir, er tala fyrir miðilsmunn, eru staddir á hans hnetti og í hans sambandsstöð, eða þeir eiga heima á öðrum hnöttum.

Hér á eftir verða birt nokkur sýnishorn af því, sem talast hefur á miðilsfundum.

**Miðilsfundur haldinn mánudaginn 26. nóvember 1973.
(Miðill: Sveinn Haraldsson).**

Einar Þveræingur. (Sjá grein Þorsteins Guðjónssonar, á öðrum stað í blaðinu, um Einar Þveræing.) : Íslenzkur maður er ég, framliðinn og þykir mér nú ánægjulegt að eiga þess kost, að fá hér samband um stund við ykkur og vil ég geta komið hér fram ýmsum upplýsingum, er gætu að notum komið og þykir mér ekki óhugsandi, að þið kunnið að vilja heyra frá framliðnum einhverja fræðslu ef hægt væri að veita hana. Þó ekki sé allt svo auðvelt sem skyldi í þessum efnum, þá er byrjunin góð, sú að reyna að skapa þau skilyrði, er þurfa til skilnings á fullnægjandi sambandi. Nú er ég, sem tala þessi orð, gamall nokkuð, og hefði ég af ekki svo litlu að segja, atti ég að rekja sögu mína alla, þó að ég minnist aðeins á fátt eitt, í þetta sinn. Það er ýmislegt, sem mér er minnisstætt, sérstaklega eftir flutninginn á annan hnött, þar sem ég varð var við, mjög skemmtilega, hvernig hægt er að eignast nýjan líkama og slikan, að ekki virtist munur á, og hinum fyrri, annar en að mjög var hann fagur, nýi líkaminn, og aflið í mínum nýja líkama virtist margfalt á við það, sem áður hafði verið. Nú var þetta mér mjög mikið undrunarefni, er ég fór að svipast um og sá ekki hið fyrra umhverfi, heldur umhverfi, er ég ekki þekkti og varð sérstaklega starsýnt á fugurð gróðursins og fólksins, þess er

ég sá koma til mín, og virtist mér, sem ég kenndi einkennilegra áhrifa og góðra mjög, og sú hugsun vaknaði hjá mér, hvernig á þessu gæti staðið og hvert ég væri kominn. Framliðinn maður var ég og í líkama lifnaður, þó ég gerði mér ekki grein fyrir því fullkomlega. Þó varð mér ljóst nú, er ég gat rætt við fólkið, það er ég minntist á, að það var ekki eins og ég hafði þekkt á jörðinni, heldur ákaflega miklu fegurra allt yfirbragð þess, en ég hafi áður séð. Nokkuð furðulegt þótti mér, hvernig ég eins og skynjaði hgsun þessa fólks, þó það segði ekkert við mig. Þó var það eins skýrt, eins og þó það hefði sagt við mig, með töludum orðum, hugsun sina. Langan tíma þurfti ég ekki til að átta mig á, að ég hlaut að hafa yfirgefið minn gamla hnött, því ég sá, að hér var landslag mjög ólikt því, er ég hafði kynst og mátti sjá, að þarna var um að ræða mannfólk, miklu stórbrotnara og svipmeira, en það er ég þekkti frá Íslandi. Fór ég nú að virða fyrir mér þetta land, sem var tignarlegt og svipmikið. Og í fjarlægð mátti sjá borg, mikla og fagra, sem ég kynntist innan skamms. Himininn var heiðblár og sól hátt á lofti og í sólskininu var sem fælist einhver sérstök tilfinning, ég vissi ekki fyrst hvernig. Ég áttaði mig ekki á því fullkomlega, hvað um var að ræða, en ég þóttist skynja einhverja sérstaka tilfinningu, er ég hafði ekki áður fundið. Þegar ég var nú að virða fyrir mér landslagið, sá ég, að fólkið, sem ég minntist á var allt í einu horfið og það með einhverjum þeim hætti, er ég ekki gerði mér grein fyrir. En þá var eins og ég skyndilega fyndi togað í mig úr ákveðinni átt og allt í einu missti ég meðvitund. Þegar ég næst varð var við, að ég var lifandi, var ég kominn á stað, sem ég sá, að var ekki likur neinum stað, sem ég hafði áður þekkt. Það mætti hugsa sérstóra byggingu, miklu stærri, en ég hafði nokkru sinni séð fyrr. Ég gæti helst líkt henni við stórt fjall, og gnæfði hún hátt mjög. Ég undraðist stórlega, að sjá slikt mannvirki, og undireins fannst mér, eins og þarna væri togað í mig. Þarna í þessari miklu höll, sem ég nú er að segja frá, var eins og ég gæti ekki annað en gengið að henni og þegar ég kom að byggingunni og kom þar að dyrum, lukust þær upp og í ljós kom maður, sem bauð mér að ganga inn fyrir. Þegar inn var komið, sá ég mannfjölda slikan að furðu gegndi og þar virtist ríkja meiri gleði og fögnumúður en svo, að orð nái til að lýsa. Margar hendur beindust fram í átt til mín og ég gekk fram og fór í útréttar hendur.

Það hugkvæmdist mér, að spyrja, hvaða bygging þessi hin stórkostlega væri og veglega og fékk svar, er hljóðaði á þá leið, að byggingin væri sambandsstöð, til sambands við líf á öðrum stjörnum og að hnöttur þessi, sem ég væri kominn fram á væri framlifshnöttur, ákaflega langt frá frumlifshnetti mínum og sólhverfi. Væri hnöttur þessi mjög miklu stærri og fullkomnari, en sá er ég yfirligraf. Heimurinn væri nú svo sem ekki aðeins sú eina jörð, sem ég hefði þekkt. Væru óendenlega margir hnettir byggðir og heimkynni óteljandi lifvera. Mætti vera, að ég yrði sannfærður um þetta síðar. Ég gat nú ekki gert mér skyra grein fyrir þessum hlutum í fljótu bragði, en þetta kom mér mjög skemmtilega á óvart, er ég nú fékk að reyna. Vinir, þetta er nú ógreinilega frá sagt, sem ég reyni, sem ibúi annars hnattar, að segja, en mun reyna að bæta við þetta síðar.

Eins og áður er sagt, er ég framlíðinn maður, íslenzkur. Langt er um liðið. Þó nokkuð mörg hundruð ár eru liðin, síðan ég fluttist. Ég átti ekki svo litinn þátt í ykkar sögu, fornri. Og þar sem menn hafa getað af sögunni fengið nokkurn fróðleik um mig, þá er nafn mitt kunnugt á Íslandi. Ég er fornislenzkur og heiti Einar Þveræingur. Tel ég það sérstaklega merkilegt, hvernig hér hefur ykkur, afkomendum fornislendinga, tekist að gera þessa athugun, að koma á sambandi við aðrar stjörnur. Þykir mér og öðrum fornislendingum mjög áriðandi að leggja ykkur lið nokkurt til framgangs þessu máli. Þegar þetta mál fer að komast á góðan rekspöl, mun fram koma margur merkilegur fróðleikur.

Sambandið, sem hér er svo stirt, þarf nauðsynlega að eflast, og við fleiri frumlifshnetti þarf að skapa fullkomnara sambandi.

Maðurinn á frumlifshnetti kom ekki fram án aðdraganda, og aðdragandinn getur orðið býsna langur, áður en vaxið er fram til lífs. Sumstaðar er þó greiðara til þroska en annars staðar. Ekki er algild regla, að svo sé seint og erfitt, sem á ykkar jörð. Mannkyn er smið heilans. Betri eru sambönd til sumra frumlifshnatta, en til ykkar, einkum ef þróunin er þar komin á rétta leið. Þið eruð langt frá réttri þróun. Þið hafið svo litla möguleika til þroska. Það er afleiðing vanþekkingar... Margt hefur merkilegt, síðan ég var á Íslandi, tekist að þroska hjá mönnum. Hefur komið fram meiri þekking á ýmsum sviðum og breytingar til batnaðar hafa orðið í sumum efnum, en jafn-

framt því hefur vaxið hættan á því, að lifið yrði ekki framfarahæft. Þó að maðurinn hafi komist talsvert langt og skilji sögu lífsins og jarðarinnar, þá vantar samt á skilninginn, og þá undirstöðu vantar, sem gæti hjálpað til, að hefja lifið á hærra stig og sú undirstaða, sem gæti orðið til þess, væri þekking á eðli lífsins og tilgangi þess. Eftir því sem hugsun mannsins fullkomnast, mun hann geta komist á hærra stig.

Miðilsfundur haldinn 1. október 1973. (Miðlar: Sigurður Ólafsson og Sveinn Haraldsson.)

Skáld-Rósá. (Sjá grein Þorsteins Guðjónssonar á öðrum stað í blaðinu um Skáld-Rósu.) (Sveini): Sael vinir. Það er ekki útilokað, að þið kannist við mitt nafn. Hef talað við ykkur áður. Skynja ég stöð ykkar. Hef ég mikinn hug á, að segja ykkur um mína stjörnu, sem ég hef verið á nokkuð lengi. Ég er að vona, að þið getið hjálpað mér að tala. Nú ætla ég að segja ykkur um hnött minn og umhverfi. Ég bý á fögrum og skemmtilegum stað. Hefur mér þótt sérstaklega gaman að fjöllunum og hef ég verið með vinum mínum á fjallgöngum. En ég er nú að reyna að segja frá umhverfinu. Ýmsan gróður og mjög margt annað ber fyrir augu, þegar litast er um. Sérstaklega er fagurt útsýni frá húsi mínu, ákaflega yndislegt og skemmtilegt útsýni og ég get varla komið því í orð, en mjög er skemmtilegt að kvöldlagi, þegar sólin er að setjast og við getum fylgst með sólarlaginu. Mjög er nú oft, að við ferðumst um fjarlægar slóðir og um önnur lönd hnattar okkar og heimsækjum fólkid þar og njótum gestrisni í ríkum mæli og vináttu hvarvetna, þar sem við komum. Hefur mér fundist slik ferðalög ógleymanleg og lærðómsrík, að kynnast ýmsum þjóðum og einstaklingum. Ýmsar þjóðir eiga heima á hnöttinum eins og búast má við. Framlifið likist frumlifinu, en lifið er miklu betra, en á hnetti ykkar og fylgir því mikil lífsgleði. Frá mörgu er að segja. Mjög eru merkilegar framfarir á hnöttinum yfirleitt, mannkynið mjög einhuga og samstilla. Hnöttur okkar er margfalt stærri en ykkar hnöttur, og mannfjöldi meiri en á ykkar hnetti. Land og sjór er í svipuðum hlutföllum og á ykkar hnetti. Purrlendi, miðað við sjó, er svipað og á ykkar hnetti. Ferðast er með farartækjum á lengri leiðum, en oft svifandi af eigin krafti og af utanaðkomandi krafti, oft nokkuð langar leiðir. Þessi ferðamáti er algengur

hér. Hér eru ýms farartæki og getum við ferðast í lofti í flugvélum og á sjó á skipum. Það er gott að hvilast á sjó á góðu skipi. Það er mjög mikið um slikt hér. Mikil og merkileg er þessi orka, sem notuð er til þess að knýja þessi skip og flugvélar. Peirri orku er við notum til að knýja farartækin með, fylgir ekki hætta á neinum óhollum eituráhrifum. Getum einnig farið neðansjávar. Margir stunda köfun sér til yndis og ánægju. Sérstakir bátar fara um hafdjúpin. Ég hugsa um mitt heimili og mann og um garðinn og dýrin. Ég set saman vísur öðru hverju og ég á mér enn nokkur áhugamál önnur. Ég á mér góðan mann og börn!

Séra Jónmundur Halldórsson. (Sigurði): Jæja, vinir, ha, ha, ha, ekki sorgarsvip. Petta er gleðistund, þegar samband á sér stað, við aðra lifendur, í okkar vetrarbraut. Jónmundur er ég, vildi ég að þið gætuð skynjað til míni. Hér hef ég í aug-sýn há og stór fjöll. Hér getur blásið og rígt, en sá er munur, að stjórn hnattarins getur átt ítök i veðurfarinu. Einnig getum við haft áhrif á jarðskjálfta, getum notað orku þá, er leysisit úr læðingi. Petta hjálpar okkur mjög. Við eיגum einn ljúfling hér á hnetti okkar, getum haft náið samband við hann, er við viljum. Hér eru snostrar og fagrar byggingar og fjölbreytni mikil. Margir þjóðflokkar eru hér. Reisum við hér margskonar mannvirki úr grjóti og öðrum efnum. Mikil samvinna allra Enginn herkostnaður. Allir þurfa sitt og hlutir eru metnir. Ekki mikil skriffinska. Enginn þarf hér að leyna neinu, enginn að fara í felur. Höfum ekki áhuga á að telja ár okkar, en áhuga á að proskast. Í stað kirkna, höfum við hér stjörnusambandsstöðvar. Pangað sækjum við aukið lífsafl og aukna lífsorku. — Guðir eru í milljarðatali, en hugur þeirra gefur okkur orku sem aflgjafi. Nauðsynlegt er að eignast þekkingu á lífinu. Vil geta frætt ykkur betur um minn hnött og lifið á honum. Verið sael.

Jónas Lie. Sael verið þið. Skynja ég nokkuð greinilega, þá er hér eru: Áriðandi er að koma þekkingu yfir svið trúarbragðanna, þá verður sjóndeildarhringurinn viðari og hugmyndirnar skýrari. Páttakendur hafa allir sín áhrif á sambandið. Lifsafl ykkar og þróttur er ákaflega lítil og þá er vandasamt, að koma hér fram sterkum áhrifum. Skulum stefna að því, að það megi takast. Margt merkilegt gæti komið fram á fundum hér og mikill kraftur. Hér verður að koma þessu máli fram fullkom-

lega, á þessari jörð ykkar og ég er ekki vonlaus um, að stuðningur komi í ljós, áður langt um líður. Ég er ekki íslenzkur maður, þótt ég tali hér sem Íslendingur. Evrópskur maður er ég, norškur maður. Norðmenn framliðnir leggja ykkur lið eftir mætti og munu þeir áreiðanlega láta í ljós og koma sínum áhrifum betur við. Mun það greinilega sýna sig, að tengsl mikil eru milli Íslands og Noregs. Ég er hér í mikilli stjörnusambandsstöð, eru hér margir Norðmenn og margir framliðnir Svíar og Finnar, sérstaklega fagrir, meðal annars Nansen og aðrir Norðmenn. Hér eru skáld og margir snillingar aðrir og náttúrufræðingar. Þetta er samvalinn hópur og þá skapast hér orka mikil og mikilli orku er beint til ykkar. Ole Bull er hér, snillingsmaður. Skáld er ég. Ég er Jónas Lie. Þar kom ég nafninu fram. Við skulum vera vongóð um, að þetta takist betur.

Steingrímur Thorsteinsson, skáld. Framliðinn maður íslenzkur. Átti heima í Reykjavík í frumlifi mínu. Var ég skáldlega hugsandi maður. Frá enda nitjáandu aldar og lengur nokkuð. Steingrímur er ég. Skáld er ég enn. Margt er mér í huga að tala við ykkur um. Ég er þakklátur því fólk, sem leitar út í alheiminn til sambanda. Ég er enn á þeim hnetti, sem ég flutti fyrst á, en mun brátt skipta um bústað og flytja á annan hnött. Við hér vöndum okkar liferni og undirbúum okkur undir fulikomnara líf á öðrum hnetti, en við vitum ekki um tímann, sem flytja skal, fyrr en undir það síðasta. Þetta gerist með þeim hætti, að við sofnum og vöknunum upp á öðrum hnetti. Fyrri likaminn leysisst upp, hann afefnast. Þetta samband er enn of ófullkomið, til þess að ég geti sent ykkur vísu. Algengt er hér, að menn hafi skegg og hárprúðir eru menn í meira lagi. Þótt í byrjun sé erfitt hjá ykkur, mun greiðast úr því, er fram líða stundir. Skáldin eru skyld vísingamönnunum. Þau eru sjáendur og sjá margt, sem fer fram hjá öðrum.

Miðilsfundur haldinn 11. febrúar 1974. (Miðill: Sveinn Haraldsson).

Björn Franzson (dáinn fyrir þrem dögum). Sael, jæja, ég vona að þið hafið ekki á móti því, að ég segi nokkur orð. Það er nú nokkur breyting á orðin, því nú er ég kominn fram á öðrum hnetti og er skemmtilegt að geta komið hér fram í félagi ykkar. (Varstu í félagi okkar?). Já, það var ég. (Ertu Björn Franz-

son?). Já, satt segir þú. Fyrir mér er þetta skemmtileg breytting, að hafa nú komið fram í fjarlægu sólhverfi.. (Ertu í stöð Helga Pjeturss?). Nei, en þó er þetta með hans tilstyrk, að ég kem hér fram. Líkamlegs eðlis er þetta. Allt stenst þetta, er ég áður trúði, en áður þótti mér nokkuð á skorta, að nógu væru vel rökstuddar kennigar Helga Pjeturss, þótt ég gæti hugsað mér þann möguleika. Flutningur þessi er mjög furðulegur. Þótt fjarlægð sé svo furðuleg, þá er sá, sem er dáinn, sem kallað er, á augabragði kominn þessa miklu vegalengd, hnatta á milli. Aðeins var örstutt stund, svo var ég kominn þarna fram og voru þar góðir vinir, sem tóku á móti mér. Ég þekkti þar ýmsa og þótti mjög til um þetta allt. (Varstu heilbrigður strax?). Það er nú ekki hægt annað en undrast, hvað fljótt maður nær hér kröftum. Ég er alveg eins og hægt er að búast við, á ekki lengri tíma. Hef ég þegar öðlast krafta, til að ganga og skoða umhverfið. (Hvernig er umhverfið?). Langt fram yfir það, er ég hafði gert mér vonir um, hvað fugurð og mikilleika snertir. Flest sem ég hef séð, þykir mér benda til þess, að hér sé göfugt fólk og hugsandi. Þetta verður þá að nægja að sinni. Verið blessuð og sæl.

Skáld-Rósá. (Sjá grein Þorsteins Guðjónssonar, um Skáld-Rósu á öðrum stað í blaðinu). Sæl og blessuð öll. Íslensk kona talar, framlíðin íslensk kona, sem talar við ykkur. Ekki mun ég geta frætt ykkur að verulegu leyti í þetta sinn, þó ég sé mjög að vona, að ég geti síðar komið ýmsum fróðleik til ykkar um framlifið, og um ýmislegt það, sem ekki væri ófróðlegt að vita um. Þarf ei að búast við því, að þessi fræðsla komi fyrir-hafnarlaust til ykkar, en hún á að verða mikil og skýr, sú fræðsla. Eins og þið vitið, tekur hver afleiðingunum af sínu liferni, þegar á annan hnött er komið og hvernig þær afleiðingar hvers og eins í framlifinu verða, þurfa menn að þekkja, til þess að geta sneitt hjá því, sem ekki hefur góðar afleiðingar í för með sér, og fræðsla um þetta þarf að verða sem fullkomnust. — Skáldkona er ég, Rósá. Þetta eru sambandshæfileikar, sem skáldin hafa mörg, til að veita viðtoku innblæstri. Þeir sem neita þessu skilja ekki skáldskaparhæfileika. Ég yrki um ást og yndi og um allt mögulegt. — Há fjöll eru hér í fjarska, en nær eru sléttur og grundir, stöðuvötn, ár og lækir. Ég er hamingjusöm. Allt þetta vekur manni unað og kæti, að horfa á og vita af. (Ertu í stjörnusambandsstöð?) Nei, uppi er ég

stödd á háu fjalli, sé ég til hafs. (Ertu einsömul?). Með mér eru hér nokkrir vinir mínir. (Veistu um Helga Pjeturss?). Það er með hans fulltingi, sem ég get komist í þetta samband. Sé ég til stöðvar hans fyrir samband. Hann er á annari stjörnu. Miklar vegalengdir, þúsundir ljósára, eru milli hnattanna. Pó er það ekki nein hindrun sambandinu. Ég er að vona, að ég geti, áður en á löngu liður, lýst umhverfi mínu, gróðri, landslagi o. fl. Mætti það verða nokkurs konar landafræði og náttúrufraði. Þetta gerist með sambandskrafti. Ég nýt magnanar og fæ þátt í skynjun til þess hnattar, sem sambandið er við. Má segja, að um flutning skynjunar frá einum hnetti til annars, frá einum likama til annars, sé að ræða.

(Geturðu lýst lögun og útliti sambandsstöðvar Helga Pjeturss?)

Get ég skynjað hvernig hún er byggð og staðsetningu og lögun hennar, þegar syngjafi minn veitir henni athygli, svo að mér verður útlit hennar ljóst. Það er skýrt samband, sem ég nýt við þennan hnött og sé ég eins skýrt og ég væri þar sjálf stödd. Mjög er þetta stór og fögur sambandsstöð. Mætti segja, að hún sé fegurri, en orð ná að lýsa. Meðan ég er að tala við ykkur núna, skynja ég til ykkar nokkuð, þó ekki eins skýrt og ég skynja til Helga Pjeturss og hans hnattar. — Verður þetta nú að nægja að sinni. Verið þið sæl.

Lesendabréf

Bréf frá Póllandi

Kafli úr bréfi dags. 12. janúar, 1974.

Við vorum rétt að koma af samkomu. Við höfum haldið nokkra fundi nýlega, en við teljum, að ekki hafi orðið árangur, þar til nú. En í kvöld, á fundi okkar, höfum við sennilega fengið einskonar samband við einhvern. Við reyndum að ná sambandi með því að vera í algjöru myrkri, algerri þögn, og án þess að hreyfa líkamann hið minnsta. Við vorum algjörlega einangraðir frá öllum ytri áhrifum. Við höfum lesið í rússneska tímaritinu „Parapsychology“ um tilraunir, sem gerðar voru af rússneska vísindamanninum G. Tribow, sem leiddu til áhugaverðrar niðurstöðu: Menn fór að dreyma, þegar þeir voru (við tilraunirnar) í alveg dimmu herbergi. Þeir höfðu augun opin og voru í hvíldarstöðu. Í greininni var rætt um, hvort þarna væri um að ræða drauma eða ofskynjanir. — Við gerðum samskonar tilraun í kvöld, og komumst að raun um, að hér var ekki um annað að ræða en það, að við komumst í samband.

1. Þetta var alls ekki draumur — við vissum að okkur var ekki að dreyma.
2. Þetta voru alls ekki ofskynjanir — við sáum engar greinilegar myndir.
3. Þar að auki: Við reyndum að hugsa um alls ekkert og reyndum að vera eins hlutlausir og mögulegt var.

Það er mjög erfitt að lýsa þessu: Eitthvað eins og hljómaði hið innra í meðvitund okkar og það var eins og einhver væri að tala til okkar á alveg ókunnu tungumáli, sem okkur þó

fannst, eins og væri okkar eigið mál. Við vorum að vonast eftir, að sjá einhverjar myndir, en engar myndir sáust. Aðeins þessi „ord“.

Eftir að tilrauninni var lokið, þá tölzuðum við ekki hver við annan, heldur skriftuðum við niður reynslu okkar, og eftir að hafa skilað niður þau áhrif, sem hver okkar hafði orðið fyrir, þá bárum við þetta saman. Þá kom í ljós furðulegur árangur: Við höfðum „heyrt“ eitthvað, sem mátti heita hið sama: einskonar eintal á óskiljanlegu tungumáli. Við vitum hvernig evrópsk tungumál hljóma og við höfum nokkra hugmynd um, hvernig orðin hljóma í nokkrum menningartungumálum Asíubjóða (svo sem Hindi, Persnesku og Japónsku). Ef til vill er þetta eitthvert utanjarðarmál, mál sem talað er annars staðar enn á jörðinni, þótt það sé fremur óliklegt.

Hvað sem því liður, þetta hljómaði eins og tungumál, svo að við erum ekki í neinum vafa um, að einhver hefur verið að tala eitthvað til okkar.

Við getum ekki fundið neina rökræna skýringu á þessum boðum (ef þetta hafa þá verið boð eða boðskapur). En okkur finnst nú samt, að hér hafi verið um að ræða einhver boð til okkar.

Hvert mundi vera ykkar álit á þessu? Á laugardaginn kemur ætlum við að reyna aftur.

Við sjáum fram á, að geta nú farið að halda slika fundi reglugældu á hverjum laugardegi, og munum við láta ykkur vita um árangurinn síðar.

Við vonum að nú séum við að fá sambönd, sem við höfum verið að biða eftir svo lengi.

Við eigum vin, sem hefur áhuga á fyrirburðafræði, en því miður talar hann aðeins pólsku og rússnesku (Jerzy hefur sagt ykkur frá honum nýlega í einnu af bréfum sínum).

Jerzy Wielunski og Edward Michalski, Póllandí,
(I.A. þýddi úr ensku).

Efnisyfirlit

FORSÍÐUMYND — Norðurljós	Bls.	44
ERINDI:		
Stjórnur og lífsambönd. I.A.	—	46
GREINAR:		
Einar Þveræingur. P. G.	—	51
Skáld-Rósa. P.G.	—	52
Hefndin nái ekki fram að gagna. P.J.	—	52
Slysafaraldur P.G.	—	54
Upprifjun hugleiðinga um líf og dauða. P.J.	—	55
Órimaðar hugleiðingar P.J.	—	57
DRAUMAR:		
Draumur um fossa. I.A.	—	58
Draumur um fljúgandi disk. P. E.	—	59
Draumur um styrjöd. E.M.	—	60
SAMBANDSFUNDIR:		
Úr miðilsfundi 26. nóv. 1973.	—	61
Einar Þveræingur	—	61
Úr miðilsfundi 1. okt. 1973.	—	64
Skáld-Rósa	—	64
Séra Jónmundur Halldórsson	—	65
Jónas Lie, skáld	—	65
Steingrímur Thorsteinsson	—	66
Úr miðilsfundi 11. febrúar 1974.	—	66
Björn Franzson	—	66
Skáld-Rósa	—	67
LESENDABRÉF:		
Úr bréfi frá Póllandi. J.W. og E.M.	—	69

Stjórnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 9 e.h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.